

FUNDARGERÐ

324. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, Fellabæ, þriðjudaginn 23. maí 2023 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Haflíðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Fjóla Sigurðardóttir (FS) sat undir liðum 3 og 4.

Jón Kr. Auðbergsson (JKA), Glúmur Björnsson (GB) og Ómar Bjarki Smáráson (ÓBS), Stapa jarðfræðistofu sátu undir lið 5.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Fundasalur HEF - uppfærsla
 - 2 Starfsmannamál
 - 3 Fjárhagur, rekstrarreikningur
 - 4 Fjárfestingaáætlun, endurskoðun
 - 5 Jarðhitaleit á Búlandsnesi
 - 6 Niðurstöður útboða, verkefni að fara í gang
 - 7 Byggingarnefnd hreinsistöðvar á Melshorni
 - 8 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps
 - 9 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar
 - 10 Fagþing Samorku 2023
 - 11 Önnur mál
 - a. Eiðþinghá, jarðhitaleit
-

1 Fundasalur HEF - uppfærsla

Stjórn samþykkir að endurnýja fjarfundarbúnað fyrir hljóð og mynd skv. umræðum á fundinum.

2 Starfsmannamál

Glúmur Björnsson er mættur til starfa (22.5.). Hann byrjar á að taka þátt í jarðhitaleitarverkefni á Djúpavogi, nú í vikunni. Stjórn býður Glúm hjartanlega velkominn til starfa.

Auglýsing um verkamann skilaði takmörkuðum árangri. Allmargar umsóknir, en fæstir umsækjenda búsettir á Austurlandi. Engin ráðning eftir auglýsingu.

Rafael Rökkvi Freysson hefur verið ráðinn í sumarstarf, verkamaður með Jóni og Finni.

3 Fjárhagur, rekstrarreikningur

FS kom og kynnti rekstrarreikning fyrir fyrstu fjóra mánuði 2023 sem keyrt var út úr nýju bókhaldskerfi. Stjórn þakkar FS fyrir góða kynningu og fær sérstakar þakkir fyrir þrautseigju að koma þessu nýja kerfi í gagnið.

Stjórn væntir þess að áætlunarkerfið fyrir rekstur og fjárfestingar verði klárt á næstu dögum.

4 Fjárfestingaáætlun, endurskoðun

Mál í vinnslu og verður tekið fyrir á næsta fundi.

5 Jarðhitaleit á Búlandsnesi

JKA, GB og ÓBS mæta til fundarins. ÓBS kynnir stöðu verksins og framhald næstu vikna.

Stjórn þakkar honum fyrir yfirferðina og reiknar með niðurstöðum fyrir miðjan júní.

Vonir standa til að borun tilraunarvinnsluholu fari fram í ágúst.

6 Niðurstöður útboða, verkefni að fara í gang

HEF veitur									
Yfirlit um nýleg útboð									
Vnr.	Verkefni	Opnunar-dagur tilboða	Áætlun ráðgjafa	Hæsta boð	Lægsta boð	Hlutf. Lægst/áætlun	Lægstbjóðandi	Tilboð	Aths.
E0015	Reynivellir	19.jan	31.829.500	27.486.583	27.486.583	86%	Austurverk	1	
F0022	Vatnsveita í Hjallaskóg	3.mai	18.577.500	19.989.000	14.237.934	77%	ÞS verktakar	3	
E0018	Ferjukíll	9.mai	56.154.568	58.672.395	56.870.237	101%	Austurverk	2	Fresta lagnavinnu?
F0020	Eiðaveita - stofnlögn	17.mai	97.456.000	137.504.650	129.480.454	133%	Héraðsverk	2	Hafna öllum
F0020	Eiðaveita - dreifilagnir	17.mai	40.000.000	73.176.451	56.880.000	142%	Línuborun	3	Hafna öllum

Samningur um verk E0015 við Austurverk hefur verið undirritaður. Verktaki byrjar á næstu dögum. Kynningarfundur fyrir íbúa var haldinn 17. maí.

F0022 – Samþykkt að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.

E0018 – Verkefnið er á forræði Múlaþings. Stjórn leggur áherslu á að samtal við lóðaeigendur fari fram um áform þeirra um þjónustukaup af HEF. Framkvæmdastjóra falið að koma áherslum stjórnar á framfæri við Múlaþing.

F0020 – Tilboð í báðum útboðum eru umtalsvert umfram kostnaðaráætlun. Stjórn hafnar öllum tilboðunum. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

7 Byggingarnefnd hreinsistöðvar á Melshorni

Fyrsti fundur byggingarnefndar var haldinn í gær. Nefndin skipti með sér verkum og er Ágústa Björnsdóttir formaður og Þorsteinn B. Ragnarsson ritari. Farið var yfir stöðu mála og stefnt að næsta fundi 12. júní. Ágúst Þór Sigmarsson starfsmaður Hreinstækni á sæti í nefndinni.

8 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps

Fyrir fundinum liggja 11 fundargerðir hópsins. Stefnt er að lokafundi fyrir vikulokin.

Til kynningar.

9 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar

Dælan er komin niður og í virkni.

10 Fagþing Samorku 2023

Fjórir starfsmenn HEF: Þorsteinn, Haddur, Finnur og Aðalsteinn fóru á Fagþing Samorku 2023. Þingið var mjög vel heppnað, skemmtileg fagkeppni 3. maí, þar sem Finnur var alger lykilmaður liðsins, sem hafnaði í 4. sæti keppinnar. 4. og 5. maí var ráðstefna með lítilli vörusýningu birgja

og ráðgjafa. Að loknu fagþinginu fóru starfsmennirnir örstutta heimsókn að skoða verksmiðju SETs á Selfossi.

6. maí heimsóttu Þorsteinn og Aðalsteinn aðstöðu Ísróra í Hafnarfirði og fóru svo 7.-10. maí í skoðunarferð til Radius Kelit í Austurríki sem framleiðir heitavatnsrörið sem lagt verður frá Egilsstöðum til Eiða.

11 Önnur mál

a. Eiðapínghá, jarðhitaleit

Viðbrögð komu frá lögmönnum landeiganda Breiðavaðs og Mýness II s.l. föstudag. Formanni og framkvæmdastjóra falið að funda með landeigendum svo fljótt sem verða má.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:55

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____